

Einstaklingsbundin umskiptaáætlun

Stuðningur þegar skólagöngu lýkur og farið er
út í atvinnulífið



Einstaklingsbundin umskiptaáætlun

**Stuðningur þegar
skólagöngu lýkur
og farið er út í atvinnulífið**

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu



Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu annaðist gerð og útgáfu þessarar skýrslu og gagnvirka geisladisksins sem fylgir henni. Leyfilegt er að nota útdrætti úr þessu efni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið.

Þessi skýrsla er fáanleg á rafrænu formi til að sem auðveldast sé að nálgast upplýsingarnar á slóðinni www.european-agency.org

Skýrslan inniheldur almennar upplýsingar um aðstæður í viðkomandi löndum, sem og upplýsingar um alla þá sérfræðinga og fulltrúa Evrópumiðstöðvarinnar sem komu að verkefninu.

Evrópumiðstöðin annaðist gerð skýrslunnar, en hún byggist á efni frá þeim sérfræðingum á sviði umskipta úr skóla og yfir í atvinnulífið sem tilnefndir voru af viðkomandi löndum. Eftirfarandi aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt: Teresa Aidukiene, Patrice Blougorn, Rogério Cação, Danielle Choukart, Maria Paz De Pando Asensi, Eygló Eyjólfsdóttir, Stefania Fouska, Saskia Gelderblom, Regine Gratzl, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Andreas Jesse, Helena Kasurinen, Barbro Lindgren, Emil Lischer, Marianne Middendorf, Stavroula Polychronopoulou, Jorge Rato, Preben Siersbaek Larsen, Joaquin Sobrino, Jan Souček, Danielle Thielen, Inta Vadone, Harrie van den Brand, Ene-Mall Vernik-Tuubel, Ludo Vlaminckx og Viktorija Proskurovska fyrir veitta aðstoð.

Ritstjórn: Victoria Soriano, Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu

Íslensk þýðing: Þórgunnur Skúladóttir, thorgunn@ritsmidjan.is

Mynd á kápu er eftir Paulius Adoménas, 17 ára nemandi frá "Dailės kalba", barna- og unglingamiðstöðinni í Vilnius Gerosios Vilties skólanun í Litháen.

ISBN: (Electronic) 87-91811-01-5

ISBN: (Printed) 87-91811-00-7

EAN: (Electronic) 9788791811012

EAN: (Printed) 9788791811005

2006

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta-, starfsþjálfunar- og menningarmála og fjölgtyngis styrkti gerð þessarar skýrslu.

http://europa.eu.int/comm/dgs/education_culture/index_en.htm

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Secretariat

Teglgaardsparken 102

DK-5500 Middelfart Danmörk

Sími: +45 64 41 00 20

secretariat@european-agency.org

Brussels Office

3 Avenue Palmerston

BE-1000 Brussels, Belgium

Sími: +32 2 280 33 59

brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
1. HLUTI: UMSKIPTI ÚR SKÓLA OG YFIR Í ATVINNULÍFIÐ – SAMANTEKT	6
2. HLUTI: EINSTAKLINGSBUNDIN UMSKIPTAÁÆTLUN ÞEGAR SKÓLAGÖNGU LÝKUR OG FARIÐ ER ÚT Í ATVINNULÍFIÐ	17
1. kafli. Einstaklingsbundin umskiptaáætlun (EUÁ) – Grundvallarforsendur	17
1.1. Raddir ungmenna, aðstandenda og vinnuveitenda	17
1.2. Skilgreining á EUÁ	20
1.3. Einstaklingsbundin umskiptaáætlun og einstaklingsbundin námsáætlun	21
2. kafli. Hagnýtar leiðbeiningar	24
2.1. Grundvallarreglur	24
2.2. Það sem einkennir einstaklingsbundna umskiptaáætlun: Innihald og úttekt	27
2.3. Hagnýtar tillögur	29
2.4. Lokatillögur	36
HEIMILDIR	38



INNGANGUR

Umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið er mikilvægt skref fyrir allt ungt fólk, ekki síst þá einstaklinga sem eru með sérþarfir.

Fyrri hluti þessa rits er samantekt á niðurstöðum rannsóknarinnar „Umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið“ sem Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu gerði árið 2002. Markmiðið var að gera grein fyrir erfiðleikum ungmenna með sérþarfir í þessum efnum og hvernig hægt væri að koma þeim til hjálpar. Skýrslan er í fullri lengd á vefsetri Evrópumíðstöðvarinnar: <http://www.european-agency.org/transit/>. Þar eru taldar upp ýmsar hindranir sem og þættir sem koma til hjálpar. Einn mikilvægasti hjálparþátturinn sem lögð var áhersla á var þróun einstaklingsbundinnar umskiptaáætlunar (hér eftir skammstafað EUÁ). Í fyrri hluta þessarar skýrslu er gefið yfirlit yfir hugmyndir sem stuðla að auknum skilningi á því hvað felst í EUÁ og skilgreint hvernig slík áætlun kemur til hjálpar við umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið.

Í **seinni hlutanum** er sjónum beint að grundvallarforsendum og hagnýtum leiðbeiningum við gerð EUÁ. Sérfræðingar frá nítján löndum skoðuðu niðurstöður fyrrnefndu rannsóknarinnar. Markmiðið var að ræða um og komast að samkomulagi um hvers vegna og hvernig ætti að þróa EUÁ – eða hliðstætt vinnuplagg – sem veitti ungmönnum með sérþarfir stuðning í umskiptaferlinu úr skóla og yfir í atvinnulífið. Hugtakið „atvinna“ er notað hér í víðum skilningi, annaðhvort um almenna atvinnu¹ eða einhvers konar atvinna með stuðningi². Sérfræðingarnir sem þátt tóku í þessu starfi skoðuðu einkum það efni sem fagfólk notar í samstarfi sínu við ungmenni og aðstandendur þeirra.

¹ Átt er við almenna atvinnu þegar hæfum einstaklingi (hvort sem hann er með sérþarfir eða ekki) stendur starfið til boða og hann hefur tiltekna fagkunnáttu, þekkingu og hæfni sem atvinnuveitandi tilgreinir og ráðning fer fram samkvæmt venjulegum skilmálum, kjörum og skuldbindingum.

² „Markmiðið með áætlun um atvinnu með stuðningi (Supported Employment programmes) er að veita stuðning svo að fólk með fötlun sem á erfitt með að fá starf vegna fötlunar sinnar geti unnið á þeim starfsvettvangi sem það velur sér og, eftir því sem mögulegt er, komist á almennan vinnumarkað með tímanum þegar þörf þeirra fyrir stuðning minnkar“ (UK Association for Supported Employment, 1999).

Skipulagðir voru **fjórir vinnufundir**. Á fyrstu þremur fundunum átti að gera grein fyrir og komast að samkomulagi um hugtakanotkun og undirbúa gerð „hagnýts“ leiðbeiningatækis fyrir fagfólk. Umræður snerust um eftirfarandi atriði:

- Skilgreiningar: EUÁ annars vegar og einstaklingsbundna námsáætlun (hér eftir skammstafað ENÁ) hins vegar;
- Markmið: meginmarkmiðið með þróun EUÁ;
- Inntak: hvað EUÁ á að innihalda og hvernig útfærslan á að fara fram.

Fagfólki úr menntageiranum og atvinnulífinu og aðstandendum var boðið á síðasta fundinn til að segja álit sitt og setja fram gagnrýni á niðurstöðurnar. Þessir aðilar bentu á hve gagnlegt væri að yfirlitsskýrslunni fylgdi leiðbeiningatæki fyrir fagfólk sem þekkti ekki til mála sem og nemenda og aðstandenda þeirra. Tilgangurinn með slíkum búnaði, sem þróaður væri samhliða verkefninu, væri að sýna á afar hagnýtan og einfaldan hátt fram á þörfina fyrir áhugann á og ávinninginn af EUÁ fyrir notendur. Gagnvirki geisladiskurinn – sem fylgir með skýrslunni – er afrakstur náinnar samvinnu fagfólks og ungmenna og hinna tilnefndu sérfræðinga.

Í kafla 2.1 eru grundvallarforsendur fyrir þróun EUÁ kynntar: um hvað þetta vinnuþagg fjallar, hvers vegna það er nauðsynlegt og hver annast gerð þess. Einnig er sýnt fram á mismuninn á því og öðru mikilvægu þaggjum, þ.e. einstaklingsbundnu námsáætluninni.

Í kafla 2.2 er gerð grein fyrir því sem fólgið er í EUÁ: Þeim þáttum sem taka þarf tillit til og þeim skrefum sem þarf að stíga til að tryggja útfærslu og eftirfylgni.

Viðkomandi skýrsla er fyrst og fremst ætluð fagfólki sem starfar á þessu sviði. Án sérfræðipækkingar, kunnáttu og einurðar allra sem komu að málinu hefði verið óhugsandi að ná fram til lokaniðurstöðu. Þessum aðilum eru færðar kærar þakkir fyrir framlag sitt.

Þeir sem áhuga hafa á sértækum upplýsingum frá einstökum löndum og/eða tilteknu efni þar sem fjallað er um umskiptaferlið geta leitað þeirra í gagnagrunninum um umskipti á heimasíðu Evrópumíðstöðvarinnar: <http://www.european-agency.org/transit/>



1. HLUTI: UMSKIPTI ÚR SKÓLA OG YFIR Í ATVINNULÍFIÐ – SAMANTEKT

Í lok ársins 1999 gerði Evrópumíðstöðin úttekt og greiningu á fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum á bæði Evrópu- og alþjóðavísu varðandi atvinnumál ungs fólks með sérþarfir. Þessi úttekt skapaði grundvöll og ramma fyrir greiningu á upplýsingum frá einstökum löndum sem fagfólk á sviði umskipta í þeim sextán löndum sem sameinast um þetta málefni, lögðu fram. Upplýsingarnar frá hverju landi fyrir sig náðu til ríkjandi stefnu, útfærslu á umskiptaferli, vandamála og árangurs. Einkum var um að ræða:

- Aðgengi að námi fyrir ungt fólk með sérþarfir að loknu skyldunámi;
- Áætlanir sem gerðar hafa verið um umskiptaferli;
- Horfur á atvinnu/atvinnuleysi meðal fólks með sérþarfir;
- Löggjöf og stefnumál er varða umskipti eða aðgerðir sem greiða fyrir atvinnu;
- „Viðkvæm“ sjónarmið sem og jákvæða þætti í hverju landi fyrir sig.

Helsta markmið rannsóknarinnar var að skoða aðferðir og ferli sem virðast skila árangri og setja fram almenna skilgreiningu á viðkomandi eiginleikum sem og títtnefndum hindrunum og síðast en ekki síst að tilgreina mikilvæga þætti í umskiptaferlinu. Einnig voru lagðar fram tillögur sem fólu í sér úrbætur á umskiptaferlinu og var þeim beint til stefnumótandi aðila og sérfræðinga.

Hugmyndarinnar um umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið er getið í ýmsum alþjóðlegum ritum og er hún skilgreind með ögn mismunandi hætti.

Í Salamanca-yfirlýsingunni (UNESCO, 1994) segir:

... ungmennum með sérþarfir á sviði menntunar ber að hjálpa til að færa sig greiðlega frá skóla til atvinnulífs fullorðinna. Skólar þurfa að hjálpa þeim að verða vinnandi fólk, búið þeirri færni sem daglegt líf krefst. Þjálfarar þurfa að tryggja þá færni í umgengni og boðskiptum sem búið er við eða krafist í heimi fullorðinna ... (bls. 34).

Umskiptum er lýst í öðrum ritum, til dæmis í HELIOS II (1996b), sem:

... sívirku aðlögunarferli, þar sem ýmiss konar breytur eða þættir koma við sögu. Þetta er ferli sem stöðugt á sér stað í lífi manneskjunnar og markar stundum afgerandi spor, svo sem þegar byrjað er í leikskóla, þegar skyldunámi lýkur eða þegar námi er hætt ... (bls. 4).

Alþjóðavinnuáskrifstofan (1998) skilgreinir umskipti sem:

... félagslegt þroskaferli sem felur í sér breytingu á stöðu og hlutverki (t.d. þegar nemandi verður lærlingur, lærlingur verður starfsmaður og sjálfstæði tekur við af ósjálfstæði) og er mikilvægur liður í því að aðlagast samfélaginu. ... Umskipti krefjast breytinga á tengslum, venjubundnu ferli og sjálfsmynd. Til að tryggja að umskipti úr skóla og inn á vinnustað gangi sem best þarf ungt fatlað fólk að setja sér markmið og skilgreina hvaða hlutverki það vill gegna í samfélaginu ... (bls. 5 og 6).

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD, 2000) telur að umskipti yfir í atvinnulífið sé aðeins ein af þeim breytingum sem ungmenni verði að ganga í gegnum í uppvexti sínum. Frá sjónarhóli símenntunar er einfaldlega litið á umskipti úr námi, hvort sem um er að ræða nám í efri bekkjum grunnskóla eða framhaldsskóla, sem fyrsta skref af mörgum hvað snertir umskipti milli starfs og náms sem ungt fólk mun taka á lífsleiðinni.

The Labour Force Survey (Vinnuþéttun EB, 2000) bendir á að umskipti úr námi og yfir á vinnuþéttun séu ekki sjálfgefin, að námi loknu liggja leiðin ekki endilega beint út á vinnuþéttun. Þau eigi sér stað smám saman og ungt fólk sinni námi og störfum tímabundið til skiptis.

Innan ramma þeirrar starfsemi sem þróuð hefur verið hjá Evrópumíðstöðinni á þessu sviði virðist sem umskipti yfir í atvinnulífið séu hluti af löngu og flóknu ferli sem spannar allt æviskeið einstaklingsins og stýra þarf á sem farsælastan hátt. „Gott líf öllum til handa“ sem og „gott starf öllum til handa“ eru lokamarkmið velheppnaðs umskiptaferlis í heild sinni. Þau úrræði sem fyrir hendi eru, eða skipulag í skólum eða öðrum menntastofnunum, ættu ekki að hafa áhrif á eða hindra að slíkt takist. Við umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið ætti að gera ráð fyrir áframhaldandi þátttöku nemandans, aðild fjölskyldunnar, samræmi í allri þjónustu sem veitt er og nánú samstarfi við atvinnulífið (Evrópumíðstöðin, 2002).

Helstu málefni og vanda sem greina mátti þegar efni sem tengist umskiptum var skoðað má flokka í átta eftirfarandi þemu.

Upplýsingar

Upplýsingar á þessu sviði eru afar takmarkaðar svo að erfitt er að gera einhvern samanburð á löndum. Þó að notaðar séu mismunandi aðferðir við að greina ungmenni með fötlun eða sérþarfir má segja að meðalfjöldi þeirra ungmenna undir tvítugsaldri sem eru með sérþarfir í námi sé 3-20% (Evrópumiðstöðin, 1999; Eurybase, 1999).

Hlutfall þeirra sem ljúka námi

Árið 1995 var hlutfall fólks á aldrinum 20-29 ára sem ekki hafði lokið framhaldsskólaprófi um 30% (Eurostat 1998). Þetta hlutfall er jafnvel hærra þegar litið er til ungmenna með sérþarfir í námi. Erfitt er að meta hve margir nemendur munu hætta námi strax eftir skyldunám, en óhætt er að staðhæfa að margir láta sér skyldunám nægja. Upplýsingar, jafnvel þótt þær séu ekki nægilega nákvæmar, sýna að tiltölulega mikill fjöldi nemenda með sérþarfir hefur nám í framhaldsskóla en stór hluti þeirra mun aldrei ljúka því (OECD, 1997). Í sumum löndum hafa hér um bil 80% fatlaðra á fullorðinsaldri annaðhvort aðeins lokið grunnskólanámi eða eru taldir ómenntaðir með öllu (HELIOS II, 1996a).

Aðgengi að námi og þjálfun

Fræðilega séð standa ungmönnum með sérþarfir sömu menntunarmöguleikar til boða og öðrum ungmönnum, en í raun og veru standa þeim yfirleitt bara til boða námsbrautir sem beinast að félagslegri þjónustu eða láglaunastörfum (OECD, 1997). Ekki er gefið að þeir hafi áhuga á þeim valkostum sem þeim standa til boða; nám og starfsþjálfun er ekki alltaf sniðin að áhuga þeirra og þörfum. Þetta skapar þeim erfiðleika á almennum vinnumarkaði (ILO, 1998). Meðal lausna á ýmsum vandamálum, m.a. þeim sem steðja að við umskipti úr námi og yfir í atvinnulífið, væri að gera námsbrautir hagnýtari og aðlaga þær betur þörfum nemenda (Evrópumiðstöðin, 1999).

Starfsundirbúningur

Starfsþjálfun er oft ekki í neinu samhengi við raunveruleg störf; oft fer hún ekki fram við raunverulegar aðstæður og beinist yfirleitt ekki að margþættum störfum. Fatlaðir einstaklingar öðlast ekki þá hæfni sem þeir þurfa fyrir atvinnulífið; þjálfun þarf að sníða betur að þeim kröfum sem vinnumarkaðurinn gerir til fólks (ILO, 1998).

Hlutfall atvinnulausra

Hlutfall atvinnulausra meðal fatlaðra er tvisvar til þrisvar sinnum hærra en meðal ófatlaðra (ILO, 1998). Upplýsingar frá einstökum löndum innihalda aðeins fjölda einstaklinga á atvinnuleysisrá, en meiri hluti þess fólks sem hefur sérþarfir er ekki á skrá – það á ekki möguleika á að komst út á vinnumarkaðinn (HELIOS II, 1996a). Atvinnuleysisbætur fyrir fatlaða eru orðnar þriðji stærsti útgjaldaliður félagsþjónustunnar, næst á eftir ellilífeyri og útgjöldum til heilbrigðismála (EB, 1998). Aukin atvinna krefst sóknaráætlunar, virkrar stefnu sem stuðlar að aukinni eftirspurn, fremur en varnaraðgerða – eða hlutlausrar stefnu. Þetta krefst fjárfestingar í framleiðslu sem skilar áþreifanlegum árangri, mannauði, þekkingu og færni. Í þessu tilliti ætti ungt fólk sem býr við fötlun að vera leiðandi í því starfi að móta eigin framtíð (EB, 1998).

Væntingar og viðhorf

Um þennan málaflokk eru allar skýrslur samhljóða: Kennarar, foreldrar, vinnuveitendur sem og almenningur vanmeta getu fatlaðra. Samstarf er afar mikilvægt við þróun raunhæfs mats á færni nemanda á öllum sviðum menntunar (Evrópumiðstöðin, 1999), að meðtöldum umskiptum úr námi og yfir í atvinnulífið.

Aðgengi að vinnustöðum

Enn eru óleyst vandamál varðandi aðgengi að vinnustöðum og persónulegri og tæknilegri aðstoð. Upplýsingar og stuðningur til handa vinnuveitendum er einnig lykilmálefni sem fjallað er um í mörgum skýrslum.

Núgildandi löggjöf innleidd

Í sumum löndum er ýmist ekki til neinn lagarammi um umskipti úr námi og út í atvinnulífið, eða, sé hann fyrir hendi, þá leiðir hann til ósveigjanleika í kerfinu. Svo virðist sem misbrestur komi fram við kvótasetningu varðandi atvinnuráðningar, sem ætlað er að vera fötluðum í atvinnuleit til framdráttar, þegar til kastanna kemur og henni skal beitt og hrint í framkvæmd. Í flestum löndum er gert ráð fyrir ýmsum aðgerðum sem ætlað er að skila árangri á mismunandi stigum. Engin dæmi eru um að kvótakerfi þjóni settu markmiði. Talsmenn þessa kerfis benda þó á að ágóði sem fæst með sköttum eða sektum geri kleift að aðrar aðferðir verði þróaðar við starfsráðningar. Jafnréttislöggjöf skapar einnig vandamál. Stundum virðist sem slík löggjöf gangi fremur út á að koma ákveðnum

skilaboðum til fatlaðra og atvinnuveitenda en að veita einstaklingum úrlausn á málum (ECOTEC, 2000).

Í skýrslu Evrópumíðstöðvarinnar frá 2002 er lögð áhersla á þrjá þætti sem draga má saman á eftirfarandi hátt:

1. **Helstu vandamál** sem ungmenni með sérþarfir, fjölskyldur þeirra og sérfræðingar standa frammi fyrir við umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið. Svára við þessari spurningu var leitað í þeim gögnum sem til eru um þetta efni bæði í Evrópu og á alþjóðavísu. Þau vandamál sem fulltrúar bæði menntastofnana og atvinnulífs benda á eru mikið til hin sömu og nátengd hvert öðru. Helstu atriði sem fram koma hjá báðum aðilum beinast að eftirfarandi:

- Hvernig á að draga úr eða hindra að fjöldi nemenda hætti námi og að ungt fólk sé atvinnulaust;
- Hvernig er hægt að auka aðgengi að góðri menntun og starfsþjálfun;
- Hvernig á að veita ungu fólki þá hæfni sem samsvarar getu þess og gera því þannig kleift að takast á við fullorðinsárin og atvinnulífið;
- Hvernig er hægt að stuðla að auknum samskiptum og gagnkvæmum skilningi milli skóla og atvinnulífs.

2. **Lykilatriði** sem vinna þarf að á sviði umskipta með tilliti til ríkjandi vanda og spurninga sem ekki hefur fengist svar við. Rannsókn á þessu sviði fór fram með umræðum og rannsóknum á gögnum sem sérfræðingar frá þeim sextán löndum sem þátt tóku í verkefninu lögðu fram. Í ljós komu sex lykilatriði sem snerta hugtakið umskipti:

- Koma verður á löggjöf og stefnumálum til stuðnings því ferli sem felst í umskiptum;
- Tryggja þarf að nemandinn taki þátt í umskiptaferlinu og að persónulegar óskir hans séu virtar; nemandinn, fjölskylda hans og fagfólk verður að vinna saman að því að setja saman einstaklingsáætlun;
- Þróun einstaklingsbundinnar námsáætlunar þar sem stuðlað er að framförum nemandans og tillit tekið til allra breytinga sem verða á skólagöngu hans ætti að vera liður í umskiptaferlinu;
- Bein þátttaka og samstarf allra viðkomandi aðila er undirstöðuatriði við umskipti;

- Náíð samstarf milli skóla og atvinnulífs er afar mikilvægt við umskipti til að ungt fólk eigi kost á að fá reynslu á starfsvettvangi;
- Umskipti eru hluti af löngu og flóknu ferli þar sem ungmenni fá undirbúning og aðstoð á leið sinni út í atvinnulífið og heim fullorðinna.

3. **Helstu þættir** sem virðast annaðhvort stuðla að eða koma í veg fyrir velheppnað umskiptaferli. Eftirfarandi þættir voru tilgreindir úr daglegu starfi ýmissa starfsmanna á þessu sviði. Dæmigerðar aðstæður við umskipti vörpuðu ljósi á ýmsa þætti svo að auðvelt var að gefa nákvæmari lýsingu á þeim sex atriðum sem greint er frá hér fyrir framan. Þessir þættir virtust ýmist hindra eða stuðla að velheppnuðu umskiptaferli. Í lýsingu á þeim má sjá að afar fáir þeirra eiga við raunverulegar og einfaldar aðstæður sem líta má á sem *einfalda* þætti, þ.e. þegar aðeins eitt atriði annaðhvort hindrar eða auðveldar gang mála. Meiri hluti þeirra á við flóknar og samtvinnaðar aðstæður, eru *flóknir* þættir, þ.e. þegar ýmsir þættir auðvela annaðhvort umskiptin eða virka sem hindrun í vegi fyrir þeim.

Niðurstaða rannsóknar á þeim þremur sviðum sem greint er frá hér að framan var sú að settar voru fram **tillögur** um hvernig umskiptum skuli hagað í framtíðinni. Eftirfarandi tillögum er beint til stefnumótandi aðila og sérfræðinga og þær miða að því að veittar séu leiðbeiningar um hvernig vinna má betur að því að þróa og útfæra umskiptaferlið.

Koma verður á löggjöf og stefnumálum til stuðnings því ferli sem felst í umskiptum

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- efla og/eða gera verulegar úrbætur á samræmdri stefnu á ýmsum þjónustusviðum, og koma í veg fyrir að komið verði á nýrri löggjöf sem er í mótsögn við eða fellur að hluta til saman við núverandi löggjöf;
- tryggja að raunhæfum aðferðum sé beitt við að innleiða með virkum hætti samþykktu löggjöf, til að koma í veg fyrir mismunun og/eða misrétti vegna mismunandi úrræða, bæði hvað snertir mannlega og tæknilega þætti;

- leita áhlts, íhuga og taka tillit til skoðana sem fram koma meðal þeirra frjálssu félagasamtaka sem starfa með fötluðum og í þeirra þágu;
- leita virkrar stefnu og koma henni á framfæri í þeim tilgangi að auka atvinnu og persónulegt sjálfstæði;
- tryggja markvissara eftirlit og mat á öllum „hjálp“úrræðum til handa fötluðum, svo sem kvótakerfi, skattaívilnunum o.s.frv., og tryggja að öll þjónusta, á landsvísu, svæðisbundið sem og innan sveitarfélaga, sé fyrir hendi;
- tryggja að til séu yfirgripsmiklar upplýsingar fyrir atvinnuveitendur um lagalegar og stefnumótandi aðgerðir;
- tryggja að tengslanetum verði komið á innan sveitarfélaga sem vinni að stefnumótun á landsvísu og allir viðkomandi aðilar eigi aðild að.

Sérfræðingar ættu að:

- afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga, aðferða og færni til að geta innleitt ríkjandi löggjöf og tryggt að viðeigandi aðferðarfræði sé beitt í því sambandi;
- meta nýsköpunarverkefni innan sveitarfélaga með reglubundnum hætti og dreifa upplýsingum um niðurstöður þeirra til að *auðvelda* starfið;
- koma upp tengslanetum þar sem allir viðkomandi aðilar (vinnuveitendur, félags- og námsþjónusta og fjölskyldur) eiga fulltrúa til að hægt sé að ræða, gera áætlanir og innleiða stefnu á landsvísu;
- eiga auðvelt með að koma nauðsynlegum atriðum á framfæri við stjórnendur þegar nýjar aðferðir eru teknar upp.

Tryggja þarf þátttöku nemanda í umskiptaferlinu og virða persónulegar óskir hans

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- sjá skólum fyrir nauðsynlegum úrræðum (tíma og ráðstöfunarfé) svo að þeim sé kleift að starfa með nemendum og aðstandendum hans;
- tryggja að ofangreind úrræði hafi verið nýtt á sem árangursríkastan hátt og að slíkt samstarf hafi farið fram.

Sérfræðingar ættu að:

- vera sem mest samvistum við nemandann og aðstandendur hans til að öðlast betri skilning á óskum þeirra og þörfum;
- byrja eins fljótt og hægt er að vinna skriflega að umskiptaáætlun sem nemandinn, fjölskyldan og þeir sérfræðingar sem síðar koma að málinu, jafnt innan skólans sem utan, hafa aðgang að;
- breyta umskiptaáætluninni og laga hana að aðstæðum hvenær sem nauðsyn krefur í samvinnu við nemandann;
- hvetja nemandann eins og hægt er þannig að hann geri sér grein fyrir eigin kunnáttu og færni;
- veita nemendum og aðstandendum þeirra allar þær upplýsingar sem þeir þarfnast eða vísa þeim á viðeigandi þjónustu;
- tryggja að bæði einstaklingsbundnar námsáætlanir og umskiptaáætlanir séu á aðgengilegu formi fyrir námsmenn sem eiga t.d. við lestrarörðugleika að etja.

Þróun einstaklingsbundinnar námsáætlunar þar sem stuðlað er að framförum nemanda og tillit tekið til allra breytinga sem verða á skólagöngu hans ætti að vera liður í umskiptaferlinu

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- sjá til þess að nauðsynleg úrræði séu fyrir hendi í skólum til að tryggja að þróaðar séu einstaklingsbundnar námsáætlanir. Einkum ætti að sjá til þess að kennarar hafi nægan tíma til að sinna starfi sínu og fái nauðsynlega leiðsögn;
- tryggja að umskiptaáætlun sé hluti af einstaklingsbundinni námsáætlun;
- setja fram gæðastaðla fyrir einstaklingsbundnar námsáætlanir;
- tryggja að sú kunnátta sem nemendur hafa aflað sér komi fram í vitnisburði þeirra og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Sérfræðingar ættu að:

- tryggja að nemandinn sé miðpunkturinn við þróun einstaklingsbundinnar námsáætlunar og einstaklingsbundinnar umskiptaáætlunar;
- fá nauðsynlega aðstoð í hópvinnu við að þróa einstaklingsbundna námsáætlun;

- tryggja að einstaklingsbundin námsáætlun sé skriflega metin með reglubundnum hætti af nemanda, fjölskyldu hans sem og viðkomandi sérfræðingum innan skólans sem utan;
- vinna frá upphafi að „skjalamöppu“, eða einhverju sambærilegu verkfæri, sem inniheldur einstaklingsbundna námsáætlun og greinargerð yfir allar breytingar á henni;
- sjá til þess að meðal þessara gagna ætti að vera mat á viðhorfi, þekkingu og reynslu nemandans og meginstyrkleikum hans (þ.e. á faglegu sviði, í starfi, í daglegu lífi, tómstundum, við sjálfsákvörðun og samskipti).

Bein hlutdeild og samstarf allra viðkomandi aðila er undirstöðuatriði við umskipti

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- tryggja að ráðstafanir séu gerðar til að þjónustuaðilar hafi með sér samstarf og sjá jafnframt til þess að því samstarfi sé fylgt eftir;
- gera skýra grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á þjónustuaðilum til að tryggja að starf þeirra sé samræmt á sem bestan hátt;
- tryggja að mat sé lagt á samræmi og þá ábyrgð sem þjónustuaðilar deila sín á milli til að hægt sé að gera breytingar ef þörf krefur;
- tryggja að allir þjónustuaðilar geri skyldu sína og taki þátt í samræmingarstarfinu;
- hvetja vinnuveitendur og launþegasamtök með tilteknum hætti til að taka þátt í þessu starfi;
- hvetja til samstarfs og samræmdra vinnubragða meðal allra viðkomandi sviða á landsvísu.

Sérfræðingar ættu að:

- hafa öflugt tengslanet, sér og öðrum sérfræðingum til stuðnings, þar sem leita má svara við spurningum og fá upplýsingar;
- fá opinberlega staðfest (með ráðstöfunarfé eða a.m.k. með áætluðum tíma) að þeir sinni því samræmingarstarfi sem aðrir þjónustuaðilar fara fram á;
- fá framhaldsþjálfun til að vera betur í stakk búnir til að skilgreina hvaða störf þarf að samræma og læra að deila ábyrgð.

Umskipti krefjast náinnar samvinnu milli skóla og atvinnulífs

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- tryggja að allir nemendur fái reynslu á starfsvettvangi;
- tryggja aðgengi allra nemenda að einhvers konar starfsþjálfun þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa þeirra;
- skipuleggja sveigjanleg úrræði, gefa t.d. kost á undirbúningstíma áður en starfsþjálfun hefst;
- stuðla að því að fyrirtæki fái bæði formlega og óformlega hvatningu (þ.e. skattalækkanir, samfélagslega viðurkenningu) til að skapa störf fyrir ungmenni þar sem þau geta sameinað vinnu og nám;
- leggja áherslu á og sýna fram á sameiginlegar hagsbætur með mati á umskiptum sem vel hafa heppnast;
- fá atvinnuveitendur til að eiga hlutdeild að slíku, í samstarfi við atvinnumiðlanir, með upplýsingaherferðum og tengslanetum atvinnuveitenda og launþegasamtaka;
- gera sér grein fyrir þörf á formlegu samstarfi milli skóla og atvinnumiðlana;
- skapa möguleika á því að kennarar geti aukið faglega kunnáttu sína.

Sérfræðingar ættu að:

- huga að möguleikum á atvinnumarkaðinum og afla sér meiri upplýsinga um þá;
- hafa tíma til að heimsækja fyrirtæki, skipuleggja fundi með fulltrúum þeirra og öðrum aðilum atvinnulífsins, og skapa möguleika á starfsþjálfun fyrir kennara innan fyrirtækja til að viðhalda tengslum þeirra við dagleg störf á þeim vettvangi;
- fá leyfi innan skólans til að stofna til samskipta við fyrirtæki og gera ráðstafanir í samvinnu við þau;
- bjóða sérfræðingum úr atvinnulífinu í skólana til að hitta nemendur, kennara og annað starfsfólk;
- tryggja að nemendum sé fylgt eftir að námi loknu.

Umskipti úr námi og yfir í atvinnulífið er hluti af löngu og flóknu ferli

Stefnumótandi aðilar ættu að:

- skipuleggja nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja velheppnuð umskipti, skilgreina hindranir og vandamál á þessu sviði og ryðja þeim úr vegi;
- koma í veg fyrir stífa starfshætti í skólum (t.d. hvað snertir námsmat);
- gera ýmsum þjónustuaðilum auðveldara með að eiga samstarf sín á milli, sem og á sínu eigin sviði, og gera ráð fyrir þeim tíma sem sérfræðingar þurfa að nota í slíkt samstarf og vinnu við að samræma störf sín;
- tryggja að snemma á skólagöngu nemandi sé byrjað að þróa umskiptaáætlun fyrir hann, en ekki bara um þær mundir sem skyldunámi lýkur;
- gera ráð fyrir nauðsyn þess að einn tiltekinn sérfræðingur komi fram sem *talsmaður* eða málsvari og veiti nemandi stuðning í umskiptaferlinu.

Sérfræðingar ættu að:

- nota skilvirkar aðferðir til að gera þetta ferli sem auðveldast (þ.e. viðeigandi leiðbeiningar, sveigjanlegan stuðning, gott samræmi o.s.frv.). Gera þarf opinberlega ráð fyrir þeim tíma sem fer í þessi skyldustörf og fá hann samþykktan.

Sérfræðingar, stefnumótandi aðilar og fulltrúar atvinnuveitenda og launþegasamtaka sem þátt tóku í þessu verkefni komust að þeirri niðurstöðu að ef þær tillögur sem lagðar voru fram yrðu teknar til greina myndi slíkt vafalaust vera umskiptaferlinu til góða og draga úr þeim vandamálum sem nemendur standa nú frammi fyrir þegar þeir hætta skólagöngu og þurfa að takast á við þá reynslu að tryggja sér starf.

2. HLUTI: EINSTAKLINGSBUNDIN UMSKIPTAÁÆTLUN ÞEGAR SKÓLAGÖNGU LÝKUR OG FARIÐ ER ÚT Í ATVINNULÍFIÐ

1. kafli. Einstaklingsbundin umskiptaáætlun (EUÁ) – Grundvallarforsendur

Þessi hluti skýrslunnar er í beinu framhaldi af rannsókninni sem greint er frá í fyrri hlutanum. Sérfræðingarnir sem þátt tóku í verkefninu áttu ekki að leggja fram upplýsingar frá eigin löndum heldur fjalla um þörfina fyrir og ávinninginn af því að þróa EUÁ. Tekið var fullt tillit til þarfa, óska og væntinga allra viðkomandi aðila og þeim komið á framfæri í niðurstöðum og tillögum sem greint er frá í skýrslunni. Nemendur og sérfræðingar voru beðnir um að sýna viðbrögð og álit á myndrænan hátt. Sumar myndanna eru birtar hér í skýrslunni en flestar þeirra eru á gagnvirka geisladiskinum sem fylgir henni.

1.1. Raddir ungmenna, aðstandenda og vinnuveitenda

Ungmennni. Í nóvember 2003 var haldið fyrirspurnaþing hjá Evrópuþinginu í Brussel með þátttöku 80 ungmenna með ýmiss konar sérþarfir. Þau voru frá 22 löndum á aldrinum 14 til 20 ára. Þau sögðu á opinskáan og afdráttarlausan hátt frá áhyggjum sínum, óskum og vonum varðandi menntun, starfsþjálfun og atvinnu. Þau sögðu eins vel og hægt er frá því sem áunnist hefur og því sem eftir er að gera. Hér á eftir eru nokkrar beinar tilvitnanir í ummæli þeirra:

„Allir vilja hafa góða faglega kunnáttu og alla langar til að hafa gaman af vinnunni sinni.“

„Okkur langar til að öðlast faglega kunnáttu, fá vinnu, eignast fjölskyldu, húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu og hamingjusöm eins og allir aðrir.“

„Við verðum að geta valið okkur nám á okkar áhugasviði alveg eins og allir aðrir. Okkur langar til að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra, og viljum ekki að okkur sé mismunað af vinnuveitendum vegna fötlunar.“

„Sum okkar dreymir um starf í einkageiranum. En því markmiði virðist mörgum okkar ómögulegt að ná vegna fötlunar okkar og

þjóðfélagslegra aðstæðna. Oft er aðeins hægt að fá starf á vernduðum vinnustöðum. Oft er líka vitniburður úr sérskólum ekki jafn mikils metinn í einkageiranum.“

„Okkur er ljóst að sú sérhæfða [sérstaka] þjálfun sem við fáum er of takmörkuð og veitir ekki nægilegan undirbúning fyrir áframhaldandi nám. Það er slæmt að okkur standi ekki þær valgreinar til boða sem okkur langar til að stunda.“

„Okkur finnst eins og atvinnumarkaðurinn standi ekki enn sem komið er fötluðu fólki til boða, við skulum vona að á því verði breyting í framtíðinni.“

„Fötluðum um allan heim er afar mikilvægt að fá að lifa og starfa eins og flest „venjulegt“ fólk. Til að slíkt sé hægt þarf að vinna að því að breyta viðhorfi fólks og gera kannski eitthvað til þess að ófatlað fólk fái tækifæri til að kynnast fötluðum betur.“

Foreldrar. Í september 2004 var síðasti vinnufundurinn í tengslum við EUÁ-verkefni Evrópumíðstöðvarinnar haldinn. Hann sátu sérfræðingarnir sem þátt tóku í rannsókninni ásamt öðru fagfólki, aðstandendum og atvinnuveitendum. Móðir ein lét í ljós eftirfarandi álit:

„Mér finnst að í skólanum eigi ekki aðeins að leggja áherslu á bóklegar greinar, heldur einnig félagslega færni og starfskunnáttu.

Meðan á skólagöngu stendur þarf starfsfólk þar ásamt aðstandendum að útskýra fyrir nemendum að í framtíðinni liggi fyrir þeim að starfa á ýmsum vinnustöðum, ljúka verkefnum og sinna skyldum sem þeir (ættu að) ráða við.

Kennarar og aðstandendur verða að efla sjálfsálit nemenda þannig að þeir ráði sig í vinnu og stundi hana og öðlist þar með aukin lífsgæði, í stað þess að leita á náðir einhverrar „góðgerðarstarfsemi“.

Ég tel að mikil þörf sé fyrir EUÁ og að byrja þurfi að vinna að slíkri áætlun tveimur til þremur árum áður en nemandi útskrifast úr sérskóla eða einhverjum öðrum skóla.

Ég er fegin að mönnum sé loks orðið ljós þörfin fyrir að búa til slíkt vinnutæki fyrir sérfræðinga. En ef slíkt tæki á að koma að notum þarf að uppfylla sérstök skilyrði í stefnumótun allra viðkomandi landa. Að öðrum kosti efast ég um að EUÁ komist í almenna notkun.


Kennarar í almennum skólum sem eru með nemendur með sérþarfir þurfa einkum (og auðvitað í samvinnu við aðstandendur) að auka skilning nemenda á eigin getu og hæfni og framtíðarmöguleikum. Mín skoðun er sú að í því teymi sem vinnur að EUÁ eigi ekki aðeins heima sérfræðingar (sérkennari, kennari, sálfræðingur) heldur einnig fulltrúar heilbrigðisþjónustunnar, félagsþjónustunnar, skólakerfisins, atvinnulífsins o.s.frv.“

Atvinnuveitendur. Athafnamaður með langa hefð fyrir því að ráða fólk með sérþarfir til starfa lét í ljós álit fyrir hönd atvinnuveitenda. Hann varpaði fram nokkrum afgerandi atriðum:

- (a) Ríkið verður hvetja fyrirtæki til að ráða ungt fólk með sérþarfir til starfa með því að styrkja þau á formlegan eða óformlegan hátt, veita þeim t.d. fjárhagslegan stuðning eða skattaafslátt, eða sjá til þess að þau öðlist jákvæða ímynd, fái viðurkenningu o.s.frv.
- (b) Nemendur þurfa að vera vel undirbúnir og ekki aðeins á faglegu sviði. Félagsleg færni er fyrirtækjum mikilvægari en bókleg kunnátta. Fyrirtækin eru best í stakk búin til að þjálfna nemendur faglega við raunverulegar aðstæður. Skyldubundin þjálfun eða reynsla í alvöru fyrirtækjum, en ekki við óraunverulegar aðstæður, er öllu ungu fólki afar mikilvæg.
- (c) Stundum þarf þjálfara, eða einhvers konar stuðningsfulltrúa, eftir þörfum og getu viðkomandi ungmenna, til að hjálpa þeim að aðlagast aðstæðum á vinnustað. Jafnframt verður að gæta þess að ofvernda þau ekki, en slíkt á sér oft stað í skólakerfinu.
- (d) Færni ungmenna er í öfugu hlutfalli við þann stuðning sem vinnuveitendur þurfa að veita eins og sjá má á mynd 1. Fyrirtæki vilja kannski í fyrstu ráða ungt fólk sem þarf aðeins takmarkaðan stuðning. Með tímanum mun jákvæð reynsla og góður árangur verða fyrirtækjum hvatning til að ráða

ungmenni sem þurfa ýmiss konar stuðning, sem verða mun til þess að aukning upp á við í þríhyrningnum vinstra megin verður auðveldari:

1. mynd. Stuðningur sem vinnuveitendur veita í samræmi við færni unga fólksins



- (e) Mikilvægt er að finna fyrirtæki sem vantar starfsfólk og hafa ef til vill þörf fyrir einhvers konar fjárhagslegan stuðning. Það getur verið afdrifaríkt að neyða fyrirtæki til að ráða fólk með sérþarfir. Lítil og meðalstór fyrirtæki virðast vera hæfari og viljugri en stór fyrirtæki til að ráða til starfa fólk með sérþarfir.

Þetta eru dæmi um skoðanir, óskir og ráðleggingar unga fólksins, aðstandenda og atvinnuveitenda. Skoða þarf öll slík sjónarmið því að þau gætu komið að notum við grunnmótun EUÁ.

1.2. Skilgreining á EUÁ

Hugtakið EUÁ er ekki notað í öllum Evrópulöndunum – ýmis önnur hugtök eru til. Persónuleg áætlun um íhlutun, einstaklingsbundin starfsáætlun o.s.frv. Mismunandi orðalag endurspeglar örlítinn mun á hugmyndum. Þrátt fyrir þennan mismun er það samhljóða álit allra þjóða að þörf sé fyrir og ávinningur af að búa til slíkt vinnutæki, sem lítið er á sem *einstaklingsbundna lýsingu* þar sem skráðar eru óskir viðkomandi nemanda, framvinda í námi og starfsþjálfun.

Einstaklingsbundin umskiptaáætlun er verkfæri, tæki, í rituðu máli (skýrsla) þar sem skráðar eru upplýsingar um fortíð viðkomandi nemanda, núverandi aðstæður hans og þær vonir sem bornar eru til framtíðarinnar. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um lífshlaup hans: fjölskylduaðstæður, sjúkrasögu, tómstundastarf, lífsgildi og menningarlegan bakgrunn, sem og upplýsingar um menntun og

starfsþjálfun. Slíkt mun stuðla að því að hægt sé að ná eftirfarandi árangri:

- að auka möguleika nemandans á að fá starf sem framfleytir honum;
- að hagsmunir, óskir, áhugi, geta, færni, viðhorf og hæfileikar nemanda séu í samræmi við faglegar kröfur, starfið, starfsumhverfið og fyrirtækið/vinnustaðinn;
- að auka sjálfstæði nemandans og áhuga og efla sjálfsmat hans og sjálfstraust;
- að skapa bæði nemanda og atvinnuveitanda aðstæður þar sem unnið er til sigurs.

Umskiptaáætlun er nátengd námsáætlun og það ætti að leggja drög að henni eins snemma og unnt er, áður en skyldunámi lýkur. Takmarkið er að brúa bilið milli skóla og atvinnulífs. EUÁ veitir þær grunnupplýsingar sem ætlað er að tryggja góða aðkomu á vinnumarkað. Þar endurspeglast sívirkt ferli sem inniheldur:

- persónueiginleika viðkomandi (færni, hæfileika, getu og væntingar);
- þarfir og kröfur atvinnulífsins og
- stöðuga endurskoðun á aðgerðaráætlun.

1.3. Einstaklingsbundin umskiptaáætlun og einstaklingsbundin námsáætlun

Gera þarf greinarmun á einstaklingsbundinni námsáætlun (ENÁ) annars vegar og einstaklingsbundinni umskiptaáætlun (EUÁ) eða samsvarandi áætlun hins vegar. Taka skal fram að notuð eru mismunandi hugtök, eins og um EUÁ, til að skilgreina einstaklingsbundnar námsskýrslur í ýmsum löndum eins og eftirfarandi skilgreining sýnir: „ENÁ byggist á þeirri námskrá sem barn sem er fatlað, eða á við námserfiðleika að etja, fylgir og er ætlað að tilgreina þær aðferðir sem beita skal til að koma til móts við tilteknar þarfir sérhvers barns ... ENÁ ætti aðeins að innihalda það sem kemur til viðbótar eða er frábrugðið fjölbreytilegri námsáætlun sem öllum börnum er ætlað að fylgja“ (UK Department for Education and Employment, 1995).

Samantekt á einstaklingsbundinni námsáætlun:

- Almenn skýrsla sem fjallar um alla þá þætti sem varða menntun nemanda (aðferðir, úrræði, niðurstöður), með sérstakri áherslu á námið. Persónuleg og félagsleg sjónarmið virðast ekki alltaf vera mikilvæg, en taka þarf tillit til þeirra.
- Kennarinn hefur yfirumsjón með gerð ENÁ og er í nánú samstarfi við nemandann, aðstandendur hans og allt annað viðkomandi fagfólk.

Einstaklingsbundin umskiptaáætlun er annars konar vinnutæki sem má lýsa á eftirfarandi hátt:

- EUÁ er áætlun sem er nátengd ENÁ;
- Undirbúning hennar þarf að hefja tveimur til þremur árum áður en skyldunámi lýkur;
- Líta má á EUÁ sem eins konar „einstaklingsbundna lýsingu“ á aðstæðum, áhuga, óskum og hæfileikum nemanda;
- Hún verður að vera hluti eins konar „skjalamöppu“ (á sama hátt og ENÁ) sem fylgir nemandanum gegnum skólakerfið, en hann er eigandi þessara persónulegu gagna og þar með er farið með allar viðkomandi upplýsingar sem trúnaðarmál;
- Áhersla er lögð á málefni sem tengjast lífi og starfi fullorðinna. Taka þarf tillit til umhverfis- og vinnuaðstæðna. Áætlunin verður að innihalda greinargóða lýsingu á möguleikum nemandans og þar með starfsáætlun sem veitir honum undirbúning til að takast á við starf á vinnumarkaði;
- Kennarar á grunn- og framhaldsskólastigi, ásamt nemandanum, aðstandendum hans og öðru utanaðkomandi starfsfólki (þarf ekki að tengjast skólastarfinu) taka þátt í mótun hennar; Hún þarf að greina frá tækjum og aðferðum sem tryggja einstaklingsbundið umskiptaferli og stuðla að sjálfsefningu nemandans;
- Hún þarf að tryggja að jafnréttis sé gætt hvað varðar kynferði, menningu eða búsetu;
- Hún þarf að tryggja eftirfylgni sem tiltekinn sérfræðingur er tilnefndur til að annast.

Þessar áætlanir eiga nokkur atriði sameiginleg:

- Nemandinn er miðpunktur alls ferlisins;
- Þær mætti gera fyrir *alla* nemendur, eða *eingöngu* þá sem eru með sérþarfir;

-
- Þær þarfnast stöðugar endurskoðunar vegna framfara nemandans eða áfanga sem hann nær;
 - Nota þarf skýrt orðalag sem allir viðkomandi aðilar skilja, einkum skal taka tillit til foreldra og nemendanna sjálfra;
 - Bæði ENÁ- og EUÁ-skýrslurnar ættu að vera tæmandi (heildrænar), þ.e. fjalla um alla þá þætti sem unnið skal að eða rætt um við nemanda, foreldra og sérfræðinga.

Líta má á bæði þessi hugtök sem gervihugtök, þar sem framfarir nemanda eru sívirkt ferli sem ekki er hægt að sundurliða. En jafnvel þótt hið tiltekna hugtak „EUÁ“ sé ekki notað í sumum löndum þá kemur að því í námsferlinu að sérfræðingar verða að setja inn markmið sem tengjast umskiptum með áherslu á framhaldsnám og sjálfstætt líf.


Leggja skal áherslu á að tilgangurinn með EUÁ eða ENÁ er ekki að afrita skýrslur eða fjölga þeim stjórnunarstörfum sem sérfræðingar þurfa að sinna. Þvert á móti skal nota báðar skýrslurnar til að **skrá** og **varðveita**:

- hugleiðingar um aðstæður nemandans;
- ákvarðanir sem teknar eru um markmiðasetningu;
- ákveðnar áætlanir um nám/starf;
- yfirlit yfir framfarir nemanda á öllum tímum, einnig þegar breytingar í námi (skipt um skóla) eða búsetu (fjölskyldan flytur á nýjan stað) eiga sér stað.

Á eftirfarandi mynd, sem byggist á umræðum sérfræðinganna í EUÁ-verkefninu, má sjá hvernig þessi tvö vinnutæki tengjast. Helstu einkennum EUÁ er lýst og þau sýnd á nákvæmari hátt í næsta kafla.

Myndin, einkum vafningurinn, varpar ljósi á þá staðreynd að umskipti eru sívirkt ferli sem mótast með tímanum og báðar þessar skýrslur, ENÁ og EUÁ, munu veita nemendum stuðning.

2. mynd. Tengslin milli ENÁ og EUÁ



2. kafli. Hagnýtar leiðbeiningar

2.1. Grundvallarreglur

Í skilvirkri umskiptaáætlun er þeim reglum fylgt sem samræmast markmiðum umskiptanna og tillit er tekið til mismunandi eiginleika og lífsgilda innan fjölskyldunnar. Umskipti eru ferli sem getur tekið mismunandi langan tíma eftir því hverjar þarfir og möguleikar einstaklingsins eru. Grundvallarreglur við skipulag EUÁ-ferlis eru:

- Einstaklingurinn með sérþarfirnar verður að taka virkan þátt í að skipuleggja EUÁ-ferli sitt;
- Aðstandendur eiga að taka þátt í starfinu;
- Skipulagning á að byggjast á þverfaglegum stuðningi og samstarfi stofnana;

-
- Skipulagið á að vera sveigjanlegt og bregðast þarf við breyttum lífsgildum og nýrri reynslu.

Nemendur með sérþarfir eiga að fá öll þau tækifæri og stuðning sem þeir þurfa til að geta gegnt lykilhlutverki við skipulag eigin EUÁ þar sem þeir hafa mest að segja um sitt eigið líf. EUÁ verður að tryggja að bestu aðferðum sé beitt til að nemendur fái þá ráðgjöf og stuðning sem þeir þarfnast, bæði fyrir og eftir umskiptatímabilið og meðan á því stendur. Aðstandendur verða líka að taka virkan þátt í þessu ferli því að þeir koma til með að verða bæði talsmenn og stuðningsaðilar. Þess vegna verða sérfræðingar að taka tillit til fjölskylduaðstæðna (menningarlegra gilda og styrkleika/veikleika).

Á eftirfarandi töflu er samantekt á fjölda aðgerða sem þarf að framkvæma í EUÁ-ferlinu og viðkomandi aðilar verða að annast. Þessum aðgerðum má skipta í þrjá áfanga:

1. áfangi: **Upplýsingar, athuganir og stefnumörkun**

Þetta er áfangi sem nær yfir þann tíma sem undirbúningur EUÁ fer fram. Markmiðið er að hjálpa nemandanum að velja sér starfssvið og finna honum viðeigandi stað til starfsþjálfunar.

2. áfangi: **Starfsþjálfun og hæfni**

Í þessum áfanga er lögð megináhersla á aðgerðir meðan starfsþjálfun fer fram. Markmiðið er að nemandinn öðlist nauðsynlega hæfni og getu og fái vitnisburð þar um.

3. áfangi: **Sjálfsþing, atvinna og eftirfylgni**

Þessi áfangi snýst um þann árangur sem nemandinn þarf að ná. Markmið hans er að fá starf sem hann getur stundað, njóta aukinna lífsgæða og tryggja sér atvinnu til frambúðar.

1. tafla. Hlutverk og verkefni allra viðkomandi aðila á ýmsum stigum EUÁ-ferlisins

	1. Upplýsingar, athuganir og stefnumörkun	2. Starfsþjálfun og hæfni	3. Sjálfsefning, atvinna og eftirfylgni
Nemandi	<p>Fá upplýsingar</p> <p>Tilgreina styrkleika, veikleika og leggja fram óskir sínar</p> <p>Fá starfsreynslu til að geta tekið ákvörðun um framtíðarstarf</p> <p>Taka þátt í að gera samning og undirrita hann</p>	<p>Fara að fullu í gegnum náms- og þjálfunarferli á sveigjanlegum tíma</p> <p>Meta framfarir sínar í námi og á vinnustað með endurgjöf</p>	<p>Tryggja sér starfssamning og laun</p> <p>Ná árangri á starfsaðlögunar- tíma</p> <p>Finna sig velkominn og tilheyra hópi vinnufélaga</p> <p>Takast að aðlagast aðstæðum</p>
Fjölskylda	<p>Taka fullan þátt</p> <p>Láta í ljós væntingar</p>	<p>Taka virkan þátt og stuðla að vernduðu umhverfi</p>	<p>Styðja dóttur sína eða son en virða jafnframt sjálfstæði hennar/hans</p>
Sérfræðingar innan skólans ³	<p>Samræma ferlið</p> <p>Þekkja og meta möguleika nemandans</p> <p>Hvetja, aðstoða, leiðbeina og undirbúa fjölskylduna og nemandann</p> <p>Undirbúa þjálfunaráætlun</p> <p>Tilnefna tengilið</p> <p>Taka þátt í að gera samning og undirrita hann</p>	<p>Samræma ferlið</p> <p>Búa til þjálfunarkerfi</p> <p>Veita stuðning og annast allt sem viðkemur vinnumarkaðinum, svo sem að koma á sambandi/samskipt um við vinnumarkaðinn</p> <p>Tilnefna tengilið (og annan til vara, ef þarf)</p> <p>Meta þennan áfanga</p>	<p>Samræma ferlið</p> <p>Sjá til þess að kynning á vinnustað fari fram og að vinnuveitandi standi við skuldbindingar sínar</p> <p>Tryggja leiðsögn á starfsferli (í starfi, hjá félagsþjónustu o.s.frv.)</p> <p>Tilnefna tengilið (og annan til vara, ef þarf)</p>

³ Kennarar, sálfræðingar, uppeldisfræðingar, ráðgjafar í starfsþjálfun og námi, proskapjálfar, skólastjórnendur.

	1. Upplýsingar, athuganir og stefnumörkun	2. Starfsþjálfun og hæfni	3. Sjálfsefning, atvinna og eftirfylgni
Félagsþjónustan ⁴	Veita upplýsingar um kröfur vinnumarkaðarins (starfsmöguleika)	Aðstoða nemandann og skólann við að finna staði til starfsþjálfunar	Finna störf (þ.e. virka sem vinnumiðlun)
Atvinnuveitendur ⁵	Afla sér upplýsinga og veita upplýsingar Leyfa stutt reynslutímabil Taka þátt í að gera samning og undirrita hann	Bjóða upp á starfsþjálfun Taka þátt í hæfnismati	Bjóða starf Taka þátt í áframhaldandi eftirfylgni

2.2. Það sem einkennir einstaklingsbundna umskiptaáætlun: Innihald og úttekt

Skoða þarf eftirfarandi atriði, samkvæmt 1. töflu.

Geta sem þarf að öðlast – felur í sér greinargóða lýsingu á möguleikum nemandans; leggja skal mat á núverandi getu hans, tilgreina og ræða um óskir hans og leggja síðan drög að starfsferli með honum og aðstandendum hans. Nemendur og aðstandendur verða að gera sér grein fyrir því hvað felst í starfsþjálfunaráætlunum.

Hæfni sem þarf að öðlast – skoða þarf árangur nemandans og gefa honum vitnisburð, jafnvel þótt um „óformlegan“ vitnisburð sé að ræða sem fenginn er hjá menntastofnun eða atvinnuveitanda.

Þátttaka ýmissa sérfræðinga – EUÁ-ferlið krefst þátttöku allra viðkomandi aðila: sérfræðinga, aðstandenda og nemenda (Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu, 2002). Allir viðkomandi

⁴ Félagráðgjafar, lækna- og sérfræðingar í félags- og heilbrigðismálum, fulltrúar vinnumarkaðarins og sérfræðingar frá ýmsum stofnunum. Félagþjónustan gegnir mikilvægu hlutverki og ætti að vera virk í þessu ferli.

⁵ Atvinnuveitendur og fulltrúar frá ráðningarstofum og öðrum þjónustuveitum sem aðstoða við starfsleit.

aðilar þurfa að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og hlutverki, gangast inn á það og samþykkja. Einn sérfræðingur (t.d. starfsráðgjafi eða kennari) þarf að vera tengiliður meðan verið er að þróa, útfæra og meta EÚA. Mikilvægt að gera grein fyrir hæfni og ábyrgð viðkomandi aðila.


Starfsmöguleikar og reynsla – undirbúa þarf nemandann undir það að starfa við raunverulegar aðstæður og fylgjast með honum á vinnustað, a.m.k. fyrst um sinn. Nemandinn, aðstandendur hans og tengiliðurinn þurfa að gera sér ljósa grein fyrir kröfum og þörfum vinnumarkaðarins.

Mat á ferlinu – allir viðkomandi aðilar (sérfræðingar, nemendur og aðstandendur) þurfa stöðugt að meta framfarir og þroska nemandans því að þannig má fylgjast með framvindu og tryggja gæði þessa ferlis. Mat þarf að fara fram með reglubundnu millibili og er það „samkomulagsatriði“ sem nemandinn og tengiliðurinn koma sér saman um. Mat þarf að fara fram á þremur mismunandi stigum sem tengjast áföngunum þremur sem lýst er hér framfar:

- Grunnmat – byggist fyrst og fremst á getu og væntingum nemandans. Samkvæmt Lerner (1998) er mat fólgið í því „að safna upplýsingum til að geta tekið afgerandi ákvarðanir varðandi barn [ungmenni]“ og skilgreint nauðsynlega sérþjónustu, skipulagt kennslu og mælt framfarir.

- Mat á markmiðum og aðgerðum – meta þarf allar tillögur um aðgerðir þar til lokatakmarkinu hefur verið náð, það er að finna starf við hæfi.

3. mynd. Mat á markmiðum og aðgerðum



- Mat á árangri sem náðst hefur – allir sem komið hafa að málum allt frá upphafi ferlisins þurfa að framkvæma það. Taka þarf tillit til tveggja þátta:

- 1) Nemandinn þarf nægan tíma til að afla sér upplýsinga, öðlast starfsreynslu á ýmsum vinnustöðum og fá fræðslu til að vera fær um að taka réttar ákvarðanir;
- 2) Veita þarf stuðning við umskiptaáætlun, a.m.k. þar til fyrsta starfið er fast í hendi; að ráða sig til starfa er of takmarkaður áfangi til að hægt sé að vera viss um góðan árangur. Eftirfylgni felur í sér að einhver (venjulega tengiliðurinn) tekur að sér að veita nemandanum stuðning eins lengi og þörf krefur eftir að hann er kominn út á vinnumarkað.

Í eftirfarandi tillögum er fjallað um hagnýta útfærslu á þeim sjónarmiðum og atriðum sem lýst er hér fyrir framan.

2.3. Hagnýtar tillögur

Skoða þarf eftirfarandi tillögur sem eins konar „leiðbeiningatæki“; allir viðkomandi aðilar þurfa að hafa þær til hliðsjónar til að geta þróað EUÁ í samræmi við mismunandi menntun og félagslegar aðstæður. Hægt er að fara eftir þessum tillögum við að útfæra EUÁ-ferlið.


Tillögurnar eru settar fram sem svör við spurningum sem leiða hver af annarri. Til að þessar tillögur þjóni tilgangi er gert ráð fyrir að ENÁ (eða hliðstæð skýrsla) hafi verið gerð í skóla til að koma til móts við þarfir nemenda með sérþarfir meðan skyldunámið fór fram.

Hvenær á að hefjast handa?

Ógerningur er að ákvarða tiltekinn tímapunkt sem hentar öllum nemendum í hvaða landi sem er. Taka verður tillit til þess að einstaklingsbundnar þarfir nemenda og skólakerfi eru mismunandi. Sérfræðingar eru þó sammála um að best sé að hefja vinnslu á slíkri skýrslu tveimur til þremur árum áður en umskipti yfir í atvinnulífið eiga sér stað. Með því móti er hægt að forða nemendum frá erfiðum aðstæðum, svo sem að þurfa að ákveða á lokanámsári hvað gera skuli að því loknu, fá ekki inngöngu í starfsþjálfun sem viðkomandi hefur áhuga á eða fá ekki nauðsynlegar upplýsingar til að velja rétt. Þær aðstæður ber að forðast að nemendur fari einfaldlega eftir því sem fullorðna fólkið telur þeim vera fyrir bestu.

Tillaga

Sveigjanleiki: Finna þarf réttan tíma til að hefjast handa þegar allir viðkomandi aðilar eru samþykkir og tilbúnir til þátttöku og ákveða síðan í kjölfarið hver (fólk og þjónustuveitur) er ábyrgur fyrir hverju, hvernig fjármagna skal úrræði og hvernig hægt er að tryggja heildarsamræmi.



Teikning: Gréta Guðbjörg Zimsen, 20 ára, Fjöbrautaskólanum í Garðabæ, Íslandi

Hvernig á að fara að?

Meðan á skyldunámi stendur og áður en komið er á lokaár þurfa kennari, nemandi og aðstandendur hans, ráðgjafi og aðrir sérfræðingar að halda fund og velta fyrir sér og skipuleggja framtíð nemandans. Þessa sameiginlegu nálgun á aðstæðum þarf að undirbúa afar vandlega og taka tillit til ýmissa lykilatriða.

Tillögur

„*Hringborðsumræður*“ skipulagðar: Þátttakendur eru allir þeir sem hlutdeild eiga að skipulagningu og þróun EUÁ-ferlis nemandans og skulu þeir setja saman leiðbeiningateymi.

Fyrirkomulag hjá leiðbeiningateymi: teymið ætti að halda fundi a.m.k. einu sinni eða tvisvar á ári, og fer það eftir aldri nemandans, hve

miklar þarfir hans eru, þeim vandamálum sem blasa við eða einhverjum öðrum atriðum.

Samsetning leiðbeiningarteymis: nemandinn og/eða fjölskylda hans eru fastir aðilar í teyminu ásamt námsráðgjafa nemandans og hinum tilnefnda tengilið ásamt öðrum sérfræðingum. Þeir sem eru í teyminu ættu að hafa skýra verkaskiptingu og ábyrgðarsvið (t.d. skal skilgreina hver er ábyrgur fyrir hverju, á hvaða tímabili, samkvæmt gildandi lögum og /eða skólareglum o.s.frv.).

Tilnefning tengiliðs: Sami aðili ætti helst að gegna hlutverki tengiliðs gegnum allt ferlið til að vera ávallt vel upplýstur um gang mála og fylgja þeim eftir í ferlinu. Við val á tengilið skal taka tillit til persónuleika og fagmennsku. Sem persónuleiki þarf viðkomandi að hafa gott samband og tengsl við alla viðkomandi aðila. Hvað fagmennsku viðvika skal tengiliðurinn:

- þekkja vel til í skólakerfinu og á sviði starfsþjálfunar;
- vinna að því að koma á tengslaneti milli vinnuveitenda, fjölskyldna, félagsráðgjafa o.s.frv.;
- leita að starfi eða hafa samstarf um slíkt við þann aðila í teyminu sem annast starfsráðningar;
- veita nemandanum hvatningu á umskiptatímabilinu.


Verksvið tengiliðsins: Hlutverk hans er að vera talsmaður teymisins, hafa samband við og fá utanaðkomandi sérfræðinga til samstarfs þegar nauðsyn krefur og vera fundarstjóri á teymisfundum. Hann á einnig að vera í sambandi við fulltrúa atvinnumiðlunar, bæði fyrir og meðan á ráðningarferlinu stendur og tryggja eftirfylgni á vinnustaðnum.

Nauðsynleg úrræði og greiðslufyrirkomulag tryggt: Mikilvægt er að skýrt samkomulag sé um kostnaðarmat og greiðslutilhögun (hve mikill kostnaðurinn verður og hver á að borga).

Hvernig á að haga fyrsta fundinum?


Gera þarf greinarmun á fyrsta fundinum og þeim sem fylgja í kjölfarið. Eftirfarandi mynd sýnir hvað hver aðili á að annast á fyrsta „hringborðsfundinum“.

4. mynd. Framlag viðkomandi aðila á fyrsta „hringborðsfundinum“




Tillögur

Lýsing á nemandanum: veitir nákvæmar upplýsingar um fyrri aðstæður og núverandi getu nemandans. Þessa lýsingu, sem unnin er af sérfræðingum, þarf að ræða og bera saman við sjálfsmynd (sjálfsmat) nemandans sem og væntingar fjölskyldunnar. Fullkomið samræmi milli allra sjónarmiða er ekki raunhæft en mikið ósamræmi getur valdið deilum.



Hæfni: Gefa þarf upplýsingar á þremur sviðum sem öll eru jafnmikilvæg:

- Fagleg hæfni: Námsefni sem nemandi tileinkar sér í skóla;
- Starfsgeta: Kunnátta og færni sem þarf til að sinna starfi. Getur verið afar mismunandi eftir því hvert starfið er, og fer algjörlega eftir starfsreynslunni;
- Persónuleg færni: einstaklingsbundinn árangur nemanda á bæði persónulegu og félagslegu sviði. Þessi færni er mjög mikilvæg þar sem hún stuðlar að sjálfstæði og sjálfsefningu einstaklingsins. Inniheldur félagslega og tilfinningalega færni (að vera sjálfstæður, að fara eftir settum reglum, virða tímamörk o.s.frv.); persónulega hæfileika (að kunna að hafa samskipti við aðra, að kynna sjálfan sig, að geta séð e-ð fyrir og skipulagt o.s.frv.); líkamlega getu (tengist hreyfingum eða skynhreyfileikni).



Samkomulag: Ef samkomulag næst þá er markmiði fyrsta fundarins náð og hægt er að fara að skipuleggja aðgerðaáætlun yfir fjölda verkefna sem þarf að ræða og meta á næsta fundi. Ef ekki næst samkomulag þarf að afla meiri upplýsinga og ræða betur saman. Tengiliðurinn ætti að annast skipulag næsta fundar og afla nauðsynlegra upplýsingar eða hafa upp á tilteknum aðilum við undirbúning viðkomandi aðgerðaáætlunar.

Framhaldsfundir

Framhaldsfundir þurfa að vera vandlega skipulagðir eins og fyrsti fundurinn. Allir aðilar verða að gera sér ljósa grein fyrir markmiðinu. Einnig þarf að gæta vel að fundartíma: Ekki ætti að halda fleiri fundi en nauðsyn krefur og hafa þá eins stutta og hægt er.

Tillögur

Samþykkt verkefni (aðgerðaráætlun): Tengiliður gerir lista yfir þau. Þau þurfa öll að vera liður í EUÁ og þeim þarf að ljúka, breyta og meta jöfnum höndum í öllu ferlinu. Nemendur verða að geta skrásett og metið framfarir sínar á einfaldan hátt. 2. tafla sýnir helstu áhersluatriðin og viðeigandi tillögur sem þarf að skipuleggja og meta:

2. tafla. EUÁ-svið og viðeigandi tillögur

Svið	Tillögur
Upplýsingar	<ul style="list-style-type: none">- Afla þarf allra nauðsynlegra upplýsinga, einnig þeirra upplýsinga úr forsögu nemandans sem enn skortir.- Upplýsingar um inntak starfsþjálfunarnáms og framboð á slíku námi.- Veita þarf nemandanum og fjölskyldu hans upplýsingar um þá möguleika sem um er að ræða á vinnumarkaði og hvaða kröfur eru gerðar.- Einnig skal veita upplýsingar um annars konar lausnir, ef þarf (t.d. áframhaldandi þjálfun).
Leiðsögn	<ul style="list-style-type: none">- Fer fram með reglubundnu millibili samkvæmt „samkomulagi“ milli nemandans og tengiliðsins.- Fjalla þarf um væntingar nemandans og fjölskyldunnar og gera viðeigandi ráðstafanir (í samvinnu við viðkomandi sérfræðinga).- Lýkur þegar nemandinn hefur fengið starf sem hann er sáttur við og getur tekist á við á eigin forsendum.
Hæfni	<ul style="list-style-type: none">- Viðkomandi sérfræðingar verða að veita nemandanum þann stuðning sem hann þarf til að öðlast og þróa með sér nauðsynlega hæfni og útvega honum viðeigandi stuðnings- og kennsluefni.- Slíkt er hluti af starfsferilsáætlun og spannar þrjú svið: faglega hæfni, starfshæfni og persónulega hæfni.

Svið	Tillögur
Starfsreynsla	<ul style="list-style-type: none"> - Gerir kleift að fá starf á almennum vinnumarkaði. - Tengiliðurinn ætti að heimsækja ýmsar stofnanir og fyrirtæki til að finna út með nemandanum hvaða staður henti honum best. - Ábyrgðaraðili á vegum fyrirtækisins þarf að koma að málum áður en nemandinn hefur störf. - Sérfræðingar verða að meta starfsfyrirkomulag með nemanda og gera frekari áætlanir. - Tengiliðurinn þarf að kynna sér greiðslufyrirkomulag hjá þeim fyrirtækjum sem hann hefur samband við. - Tengiliðurinn ætti að afla sér sambanda síðar og leita eftir lausum störfum við hæfi.
Viðurkenning	<ul style="list-style-type: none"> - Leggja þarf fram lýsingu á því námi sem nemandinn hefur lokið og vitnisburð um þá starfshæfni sem hann hefur aflað sér. Sá vitnisburður fæst með samstarfi milli skóla og vinnuveitanda.
Mat	<ul style="list-style-type: none"> - Fer fram á öllum sviðum. Það er innifalið í öllu ferlinu þar sem stöðugt eftirlit fer fram. Meta þarf hvert skref áður en hið næsta er tekið. - Sjálfsmat nemandans er mikilvægur liður í þessu mati. Það fæst með ýmsu móti, svo sem með því að ræða við hann, fylgjast með honum, skoða með honum starfstilhögun, athuga hæfni o.s.frv. - Eina leiðin til að komast að því hvort settu lokamarkmiði hefur verið náð er eftirfylgni í lok ferlisins.


Sérfræðingum ber að hafa allar þessar tillögur til hliðsjónar við útfærslu og eigin hugmyndir í starfi sínu. Þessar tillögur veita ekki svör við öllum þeim spurningum sem upp kunna að koma. Því þurfa sérfræðingar að nota sér þær með sveigjanlegum hætti og aðlaga þær starfi sínu hverju sinni.

2.4. Lokatillögur

Til að tryggja sé að slíkar leiðbeiningar séu teknar til greina er eftirfarandi tveimur tillögum beint til stefnumótandi aðila. Þær byggjast á og eru lokaniðurstaða þeirra tillagna sem þegar má sjá í fyrsta hluta þessarar skýrslu og varða *mikilvægi náninna tengsla milli skólans og vinnumarkaðarins*.

Stefnumótandi aðilar verða að sýna skilning og móta lagaramma til að:

- tryggja skipulagt samstarf milli menntastofnana og starfsmiðlunar með skýrslugerð sem aðilar eru sammála um, þ.e. EUÁ eða sambærilegu plaggi;
- stuðla að því að ábyrgðaraðilar verði skilgreindir og að fjármagni verði veitt til allra þeirra þjónustuaðila sem koma að gerð EUÁ.





HEIMILDIR

British Association for Supported Employment (1999) *AfSE draft response to the Supported Employment Programme*, <http://www.afse.org.uk/pubs/papers/paper3.htm> [skoðað í maí 2005]

CEDEFOP (1997) *Agora I - Raising the level of diplomas and their distribution in the labour market: the lessons of the past and prospects for the future*. CEDEFOP Panorama Series. Thessaloniki: CEDEFOP

Collado J.C. and Villagómez E. (2000) *Active Employment Policies and Labour Integration of Disabled People: Estimation of the Net Benefit*. Fundación Tomillo, Centre for Economic Studies. Yfirlitsskýrsla sem unnin var á vegum atvinnu- og félagsmáladeildar framkvæmdastjórnar ESB

Department for Education and Employment (1995) *Individual Education Plan (IEP)* <http://www.teachernet.gov.uk/management/atoz/i/individualeducationplan/> [skoðað í maí 2005]

ECOTEC Research and Consulting Ltd. (2000) *Benchmarking Employment Policies for People with Disabilities*. Yfirlitsskýrsla sem unnin var á vegum atvinnu- og félagsmáladeildar (Unit EMPL/E/4) framkvæmdastjórnar ESB

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu / Bertrand, L., Pijl S.J. and Watkins A. (eds) (2000) *The Participation of people with disabilities within the SOCRATES Programme - data appendices*. Skýrsla sem unnin var á vegum mennta- og menningarmáladeildar framkvæmdastjórnar ESB

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu / Meijer, C.J.W. (ritstj.) (1999) *Financing of Special Needs Education*. Middelfart: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu / Soriano, V. (ritstj.) (2002) *Umskipti úr námi og út á atvinnumarkað. Helstu vandamál, viðfangsefni og möguleikar sem blasa við nemendum með sérþarfir í*

sex tán Evrópulöndum. Middelfart: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Atvinnu- og félagsmáladeild framkvæmdastjórnar ESB (1998) *Joint Employment Report*. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB

Framkvæmdastjórn ESB (2000) *Labour Force Survey*. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB

Evrópusamtök fatlaðra (2002) *Madrid-yfirlýsingin*. Brussel: Evrópusamtök fatlaðra

Eurostat (1998) *Education across the European Union - Statistics and Indicators*. Lúxemborg: Eurostat

Eurybase (1999) *Financing Education*. Brussel: Eurydice

HELIOS II (1996a) *Socialisation and Preparation for Independent Living. Vocational Training and Education of Disabled Adults*. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB

HELIOS II (1996b) *Transition through the Different Levels of Education*. Brussel: Framkvæmdastjórn ESB

International Labour Office (1998) *Education, employment and training policies and programmes for youth with disabilities in four European countries*. Genf: Alþjóðavinnuárástofnunin

Lerner J.W., Lowenthal B. og Egan R. (1998) *Preschool children with Special Needs: Children at Risk, Children with Disabilities*. Allyn og Bacon

Ministry of Flemish Community, Education Department (1998) *From Individual Education Planning to Individual Education Plan in Special Education*. Brussel

Organisation for Economic Co-operation and Development (1996) *Employment Outlook*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development



Organisation for Economic Co-operation and Development (1997) *Post-compulsory Education for Disabled People*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development

Organisation for Economic Co-operation and Development (2000) *Towards a Coherent Policy Mix*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development

UNESCO (1994) *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Samþykkt á: Alþjóðlegri ráðstefnu um sérkennslu: Aðgengi og gæði*. Salamanca: UNESCO

Gagnagrunnur á Netinu um umskipti úr skóla og yfir í atvinnulífið
<http://www.european-agency.org/transit>

Einstaklingsbundin umskiptaáætlun – Stuðningur þegar skólagöngu lýkur og farið er út í atvinnulífið er framhald á skýrslunni Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið – ungt fólk með sérþarfir, sem gefin var út af Evrópumíðstöðinni árið 2002.

Skýrslan og meðfylgjandi geisladiskur er afrakstur umfangsmikils samstarfs sérfræðinga í nítján Evrópulöndum, fulltrúa atvinnulífsins og nemenda með sérþarfir og aðstandenda þeirra.

Í skýrslunni er fyrst og fremst fjallað um grundvallarforsendur fyrir þróun einstaklingsbundinnar umskiptaáætlunar, þá þætti sem slík áætlun þarf að innihalda og þau skref sem taka þarf til að tryggja að hún sé útfærð og henni fylgt eftir í því ferli sem á sér stað þegar skólagöngu lýkur og farið er út í atvinnulífið.

Skýrslan er fyrst og fremst ætluð fagfólki sem starfar á þessu sviði. Gagnvirki geisladiskurinn er tæki sem hannað er fyrir ungt fólk með sérþarfir sem er á leiðinni út á vinnumarkaðinn og getur einnig komið utanaðkomandi fagfólki sem starfar með þessu unga fólk að gagni.

